

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um viðauka við lög nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:*

Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að útvegsmenn hafi orðið fyrir stórkostlegu veiðarfæratjóni á s. l. vetrarvertíð og beri nauðsyn til að hlaupa hér undir bagga. Er frumvarp til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins var lagt fram á síðasta Alþingi hafi verið gert ráð fyrir að verðbætur á ferskfisk samkvæmt 1. gr. laganna myndu nema allt að 100 milljónum króna á árinu 1967. Vegna aflaleysis á síðustu vetrarvertíð sé ljóst, að verðbætur samkvæmt 1. gr. laganna verði a. m. k. 12.5 milljónir króna lægri en gert var ráð fyrir. Sé því rétt að verða við eindregnum óskum útvegsmanna, að þessari fjárhæð verði varið til greiðslu upp í framangreint veiðarfæratjón.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar.

**1. gr.**

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Auk þeirra verðuppbóta, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að greiða úr ríkissjóði 12.5 milljónir króna til að bæta útgerðarmönnum tjón á fiskinetum, er þeir hafa orðið fyrir á vetrarvertíð 1967. Landssamband íslenzkra útvegsmanna skal ráðstafa þessu fé í samráði við Fiskifélag Íslands.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 11. maí 1967.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eggert G. Þorsteinsson.*